



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

12. árgangur 4.tbl.

Apríl 2015

Sumardagurinn fyrsti - 23.apríl.

Umf. Skeið fagnar sumardegnum fyrsta í
Brautarholti eins og vant er.

Fjölskylduguðspjónusta í Ólafsvallakirkju
kl 11:00.

Víðavangshlaupið hefst 12:30 í Brautarholti.
Að hlaupi loknu verður boðið upp á pylsur og
safa og candyfloss í eftirrétt.

Skeiðalaug verður svo opin frá 13:00 -14:00.

Hvetjum alla unga sem aldna að mæta og
fagna með okkur.

Kv. Skemmtinefnd Umf.Skeið



Gleðilegt sumar!



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:

Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. maí. 2015.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**



Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00—22:00

Alltaf tími til að kíkja í bók ☺

S: 486-5505 - www.bokasafn.is

Netfang: bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>

Alltaf hægt að skila um lúguna!



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 480-5112 Neyðarsími 112

Apótekið opið mánud. -föstud. 09:00 - 17:00

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



19. - 21. júní 2015



Helgina 19.-21. júní verða Landnámsdagar í sveitinni og margt er á döfinni. Tónlist og söngskemmtun verður bæði föstudags- og laugardagskvöld og yfir helgina verða víkingar, Brokk og skokk, Leikhópurinn Lotta, hoppukastalar, víkingalegar keppnir og miðaldamarkaður (laugardag).

Miðaldamarkaður er skiptimarkaður á alls kyns þjónustu og varningi. Hugmyndin er að hægt sé að skipta á einhverju fyrir annað, t.d. tvö egg fyrir það að flétta hár eða eggjabakki fyrir beikonbréf. Einnig er hægt að vera með vöru sína, handverk eða annað í þeim dúrnum þar sem möguleiki er á skiptum en einnig viljum við gera aðilum kleift að selja vöru í einhverjum mæli. Þeir sem hafa áhuga á að vera með pláss á þessum markaði endilega sendið okkur póst á mennogaesk@skeidgnup.is eða hringið í síma 869-4086 (Hildur Lilja). Hlökkum til að heyra í ykkur.

Kveðja frá Menningar- og æskulýðsnefnd
Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Aðalfundur Búnaðarfélags Skeiðamanna verður haldinn í Hestakránni **föstudaginn 24. apríl kl 13.30**

Dagskrá:

Skýrsla stjórnar

Reikningar

Kosningar

Önnur mál

Stjórnin



Opnunartími gámasvæða í vetur!

Árnes: þriðjudaga kl 14:00 - 16:00
laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt: miðvikud. kl. 14:00 - 16:00
laugardaga kl. 13:00 - 15:00

**Dýragámurinn er nú á nýja gámasvæðinu í Árnesi
v/Suðurbraut og þar er opið allan sólarhringinn!**

Dýragámur í Brautarholti er á sama stað og verið hefur
Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gáma-
svæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með
gámasvæðunum gsm. **893-7016** eða **462-5301**.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa!

*Hægt er að koma frá sér garðaúrgangi og afklippum trjáa á
ákveðnu svæði í Skaftholti hér í sveit alla daga vikunnar.*

(Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

***Munið að ætlast er til þess að einungis séu efni úr
jurtaríkinu sem losuð eru á þessu svæði.***

Íbúafundur um Þjórsárdalinn á vordögum.

Atvinnumálanefnd sveitarfélagsins hefur að undanfögnu unnið að greiningu á stöðu og framtíðarmöguleikum í Þjórsárdalnum. Sú vinna fer fram í samráði við aðra hagsmunaaðila. Um verðugt viðfangsefni er að ræða og hefur verið ákveðið að efna til íbúafundar um málefnið. Það verður nánar tilkynnt er nær dregur.

Sveitarstjóri.



Fræðsluferð!

Fjárræktar og Búnaðarfélag Gnúpverja standa fyrir fræðslu og skemmtiferð í Rangárþing eystra laugardaginn 18. apríl.

Lagt verður af stað frá Árnesi kl:10:00 og áætluð heimkoma 17:30

Tilkynna skal þátttöku fyrir 14. apríl í síma 862-4917 Bjarni eða 897-4482 Birkir.



Vinnuskólinn 2015

Nemendur sem fæddir eru 2000 og 2001 gefst kostur á að starfa í Vinnuskóla sveitarfélagsins í sumar.

Vinnuskólinn byrjar 8. júní og stendur í 8 vikur eða til 31. júlí og unnið verður fjóra daga í viku, mánud.—fimmtud.

Kl. 08:00 - 14:00. Nemendur með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi geta nýtt sér þennan skóla. Skyld er þó að taka fri eina viku á tímabilinu.

Hámarksfjöldi vinnufólks í einu er átta og ef fjöldinn veður meiri verður starfstíminn skipulagður með það í huga. Í ágúst gefst þeim kostur sem hafa áhuga á að vera aðeins lengur eftir þörfum og samkomulagi. Heitur matur er framreiddur í hádeginu en koma þarf með nesti í kaffitíma fyrir hádegi. Umsóknarfrestur er til 15. maí og skráning fer fram á skrifstofunni í síma 486-6100. Sveitarstjóri.



60 ára

Fjölbreytt hátíðardagskrá víðs vegar um sýsluna
laugardaginn 18. apríl.

– Opið hús – tónleikar – spurningakeppni – kaffi – kökur –
Stefnt er að því að sem allra flestir nemendur komi fram í tilefni
hátíðarhaldanna.

10:00 - 11:30 Flóaskóli

(nemendur úr Flóahreppi)

9:30 - 12:00 Félagsheimili Hrunamanna Flúðum

(nemendur úr Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi
og Skeiða- og Gnúpverjahreppi)

11:00 - 12:00 Stokkseyri - Grunnskólinn

(nemendur frá Stokkseyri og Eyrarbakka)

11:00 - 13:00 - Listasafn Árnesinga, Austurmörk 21, Hveragerði

11:00 - 13:00 Þorlákshöfn - Tónlistarskólinn

13:00 - 16:00 Eyravegur 9, Selfossi

Sunnlendingar eru hvattir til að nýta þetta einstaka tækifæri til að
fylgjast með blómlegu starfi skólans um alla sýslu og njóta
hátíðarhaldanna með okkur.

Gestir geta litið við í lengri eða skemmri tíma eftir því
sem hentar hverjum og einum.

***Á stærstu kennslustöðunum nýta hljómsveitir skólans tækifærið og
selja „puttakökur“ í fjáröflunarskyni. Eldri strengjasveit skólans
safnar m.a. fyrir ferð til Gdansk í Póllandi í sumar.***

Viðburðir í tilefni af afmæli Tónlistarskóla Árnesinga
eru ókeypis og allir velkomnir.

Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta

í samstarfi við



Lokakvöld Uppsveitadeildar Loga, Smára og Trausta verður haldið föstudagskvöldið 17. apríl kl. 19:45 í Reiðhöllinni á Flúðum.

Þá hefst keppni í tölti og fljúgandi skeiði. Keppni knapa er mjög spennandi og lítill munur á milli þeirra. Tveir efstu knaparnir eru jafnir að stigum, þeir Arnar Bjarki Sigurðarson og Bjarni Bjarnason.

Lokakvöldið sker úr um sigurvegara Uppsveitadeildarinnar 2015, bæði í einstaklingskeppni og í liðakeppni. Við hvetjum fólk til að mæta og styðja sín lið í lokakeppninni.

Staða efstu knapa er þessi:

1. - 2. Arnar Bjarki Sigurðars.	47
1. - 2. Bjarni Bjarnason.	47
3. Hulda Finnsdóttir.	41
4. Árný Oddbjörg Oddsd.	37
5. Hermann Þór Karlsson.	35
6. Finnur Jóhannesson.	33,5
7. Jón Óskar Jóhannesson	33
8. Sigurbjörg Bára Björnsd.	32,5
9 - 10. Guðjón Sigurliði Sig.	25,5

Staða liðakeppninnar er þessi:

Hrosshagi/Sunnuhvoll.	108,5
Arion banka liðið.	94,5
Þórisjöttnar	90
Gamli og guttarnir	85
Landstólpi.	67,5
Forsæti.	56
Jáverk.	50
Kílhraun.	48,5

S. 856-1572 og netfang:

oskar@hruni.is

Frá Hrunaprestakalli Helgihaldið sumar 2015.



- 23. apríl – sumardagurinn fyrsti:** *Fjölskylduguðsþjónusta í Ólafsvallakirkju kl. 11*
- 3. maí:** *Guðsþjónusta í Hrepphólakirkju kl. 11 og guðsþjónusta í Stóra-Núpskirkju kl. 14.*
- 24. maí – hvítasunnudagur:** *Ferming í Hrunakirkju kl. 13:30.*
- 25. maí – annar í hvítasunnu:** *Ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11*
- 7. júní:** *1865-messa í Hrunakirkju kl. 14 í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar. Kvöldmessa í Ólafsvallakirkju kl. 20:30*
- 17. júní:** *Helgistundir í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögunum tveimur.*
- 21. júní:** *Guðsþjónusta í Steinsholtskirkjugarði **kl. 10:30.** Kvöldmessa í Hrepphólakirkju kl. 20:30*
- 16. ágúst:** *Hestamannamessa í Stóra-Núpskirkju kl. 14*
- 23. ágúst:** *Síðsumarmessa í Tungufellskirkju kl. 14*
- 5. sept.- laugardagur:** *Uppskerumessa í Hrunakirkju kl. 11– fjölskylduhátíð.*

Fróðleiksmolinn. (Heimild: Frjálsa alfræðiritið Wikipedia)

Harpa, einnig nefnd *hörpumánuður* og *hörputungl* í [17. aldar rímhandritum](#) og *gaukmánuður* í [Snorra-Eddu](#), er sjöundi mánuður ársins og fyrsti sumarmánuðurinn í gamla [norræna tímatalinu](#). Kemur næstur á eftir [einmánuði](#) síðasta mánuði vetrar. Harpa hefst á næsta [fimmtudegi](#) eftir [18. apríl](#). Fyrsti dagur hörpu er jafnframt haldinn hátíðlegur sem [sumardagurinn fyrsti](#). Eins er hann nefndur *yingismeyjardagur* og þeim helgaður rétt eins og fyrsti dagur einmánaðar var helgaður sveinum og nefndur *yingis-sveinadagur*, góa kallaður *konudagur* og helgaður húsmæðrum og fyrsti dagur þorra nefndur *bóndadagur* og helgaður húsbændum. Hátíðir í sumarbyrjun eru áreiðanlega mjög gamlar þótt ekki séu margar öruggar heimildir til um þær. Í Ynglinga sögu er getið um *sumarblót* í ríki Óðins konungs og í Egils sögu og Ólafs sögu helga er minnst á *sumarblót* bænda í Noregi. Adam frá Brimum lýsir á 11. öld höfuðblóti Svía um vorjafndægur í Uppsölum. Um *sumarblót* á Íslandi sést einungis getið í Vatnsdæla sögu en þar virðist ekki vera verið að lýsa almennri venju enda tekið fram að um einkablót Ljót á Hrolleifsstöðum. Örugg heimild um sumarglaðning sést ekki fyrr en í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá miðri 18. öld. Þar nefna þeir sumardaginn fyrsta sérstaklega sem sumarhátíð þar sem fólk gerði vel við sig í mat og drykk. Um miðja 19. öld þegar skipulega er byrjað að safna alþýðu heimildum kemur fram að sumardagurinn fyrsti hafi verið mesta hátíð næst á eftir jólnum. Sumargjafir hafa því sennilega tíðkast lengi á og kringum upphaf hörpu og sumardaginn fyrsta. Í seinni tíð hefur [skátahreyfingin](#) haldið uppi hátíð á þessum degi með skátamessum og skrudgöngum. Einnig hefur það færst í vöxt að bæjarfélög haldi ýmiskonar hátíðarhöld, oftast fyrir börn og á stærri stöðum eins og Reykjavík er þeim skipt niður og haldnar hverfishátíðir.

Fréttir af aðalsafnaðarfundum Stóra-Núps sóknar 17.03.2015.

Fundurinn var góður þó ekki hafi verið fjölmennt frekar en vant er. Telst það að sumu leyti jákvætt, en gaman væri samt ef fleiri sæju sér fært að mæta ☺ Við bætum úr því næst.

Ársskýrsla formanns var lögð fram og reikningar gjaldkera bæði fyrir kirkju og kirkjugarð lagðir fram og allt samþykkt. Nýr sóknarprestur sr. Oskar Hafsteinn Óskarsson ræddi helgihaldið og langar að halda áfram með að kirkjurnar skapi sér sína sérstöðu, eins og vísir var að nú á síðasta misseri og fundin verði fleiri tækifæri í kirkjunum sem gefu enn meiri fjölbreytni og sérstöðu. Þá hefur hann áhuga á að minnst sr. Valdimars Briem með einhverjum hætti en tilefnið er upptaka á hljómdiski sem lokið er og gerð var í Skálholtskirkju nú í apríl. Organistinn, Þorbjörg Jóhannsdóttir og Haukur Guðlaugsson fyrrv. söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar hafa unnið að þessu verkefni í vetur ásamt kirkjukórum Ólafsvalla og Stóra-Núpskirkna. Hljómdiskurinn hefur að geyma sálma eftir sálmaskáldið og prestinn sr. Valdimar Briem sem bjó og þjónaði á Stóra-Núpi. Ekki hefur verið gefin út fyrr nein samantekt af sálum skáldsins og er gleðilegt að það skuli vera gert af fólki úr hans sókn og góðum vinum af Skeiðum.

Þá voru lögð fram drög að reglum um gróður í kirkjugarðinum sem fundurinn fól sóknarnefnd að vinna áfram og ljúka.

Viðmiðunargjald vegna athafna í kirkjunni var rætt. Á sameiginlegum fundi sóknarnefnda í prestakallinu kom sú hugmynd fram að taka gjald frá fólki utan sóknar fyrir athafnir í kirkjum prestakallsins.

Uppástunga er um 3000.- króna viðmiðunargjald fyrir skírn og 10.000.- fyrir brúðkaup, sem var samþykkt samhljóða.

Kjósa þurfti um tvo aðalmenn, ritara og formann til fjögurra ára. Gáfu þeir kost á sér áfram og var kosning þeirra samþykkt samhljóða.

Aðalmenn í sóknarnefnd eru:

Daði Viðar Loftsson, ritari	2015-2019
Kristjana Heyden Gestsdóttir, form.	2015-2019
Ámundi Kristjánsson, gjaldk.	2013-2017

Kosning tveggja varamanna til fjögurra ára.

Hrafnhildur Agústs dóttir gaf ekki kost á sér áfram. Stungið upp á Helgu Kristinsdóttur á

Lómsstöðum og Árdís Jónsdóttir gaf kost á sér áfram og var kosning þeirra samþykkt samhljóða.

Varamenn í sóknarnefnd:

Helga Kristinsdóttir	2015-2019
Árdís Jónsdóttir	2015-2019
Einar Bjarnason	2013-2017

Einar gegnir ritarastarfinu þar til í sumar er Daði Viðar kemur inn í nefndina aftur.

Sömu skoðunarmenn reikninga voru kosnir áfram til eins árs og varamenn þeirra.

Samstarf Minjastofnunar rætt vegna viðgerða á kirkjunni og reifað samstarf við þá bræður Gísla Ragnar og Guðmund Kristjánssyni á Eyrarbakka, með viðgerð á tréverkinu og nú hefur verið ákveðið að fá þá til þess að vinna kostnaðaráætlun fyrir verkið Einnig liggur fyrir kostnaðaráætlun fyrir málningarvinnunni en styrkur fékkst úr Jöfnunarsjóði kirkna nú í mars til framkvæmda, þá fékkst styrkur úr Kynningar- og fræðslusjóði og er það fé ætlað til útgáfu sálma sr. Valdimars. Sóknarnefnd þakkar öllum þeim er komið hafa að starfinu í kirkjunni síðast liðið ár og gerðu það lifandi og göfugu anda okkar.

Með kærri kveðju og ósk um gjöfult og gleðilegt sumar.

Fyrir hönd sóknarnefndar.

Kristjana Heyden G.



Kosningaréttur kvenna 1915

Manst þú eftir umræðum eða frásögnum úr þínu ungðæmi um það þegar konur fengu KOSNINGARÉTT?

Ertu til í að deila því með okkur og jafnvel koma minningunum á prent.

Okkur í Kvenfélagi Skeiðahrepps þætti vænt um að fá að heyra það sem þú hefur að segja.

Vinsamlega hafið það í huga að minningar ykkar eru okkur sem fjársjóður.

Vinsamlega hafið samband í síma 861-1163

f.h. Kvenfélags Skeiðahrepps,

Svala Sigurgeirsdóttir



Frá göngunefnd Kvenfélags Gnúpverja!

Eftir langan og rysjöttan vetur langar okkur í göngunefndinni að taka upp þráðinn frá sl. hausti, og ganga einu sinni í mánuði á milli bæja hér í sveit.

Fyrsti göngutúrinn verður farinn frá Ásólfstöðum, fram Hagafjall og fram að Haga, **25. apríl kl.10:00** þetta er c.a 3 tímar. Síðan göngum við **9. maí**, frá Haga að Fossnesi kl. 10 f.h. c.a 2 tímar.

Svo auglýsum við í fréttabréfinu næstu göngutúra, en hugmynd er að hafa þá **fyrsta laugardag í mánuði kl. 10:00 f.h.**

Látið vita af ykkur hjá Dísu Bjarna s 486-6031 og

Sigrúnu Fossnesi s.486-6079

Allir velkomnir. Göngunefndin.



Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Samband sunnlenskra kvenna

Kt. 550269-5709

Reikn.nr: 182-15-380610



Eins og venjulega er ýmislegt á döfinni hjá Sambandi sunnlenskra kvenna(SSK) – þar ber nú hæst, að hafinn er undirbúningur fyrir landsþing Kvenfélagasambands Íslands(KÍ). SSK mun verða gestgjafi og framkvæmdaraðili þingsins, sem er um leið aðalfundur KÍ. Þingið verður haldið á Hótel Selfossi dagana 9. - 11. okt. n.k. Yfirskrift þingsins er *Hækkum flugið – kosningaréttur kvenna í eina öld* – Gera má ráð fyrir að þetta þing sækir um 150-200 konur hvaðanæva að af landinu.

Af þessu tilefni ætlar Samband sunnlenskra kvenna að gefa út blað sem allir þingfulltrúar fá afhent við setningu þingsins og fá þeir um leið auka-blöð til að dreifa í sín heimahéruð.

– Í blaðinu “Hækkum flugið” er m.a. fyrirhuguð margvísleg umfjöllun um þá fjölbreyttu þjónustu ferðaþjónustuaðila, fyrirtækja og stofnana sem er í boði í Árnes- og Rangárvallasýslum og getur blaðið því orðið mjög góð kynning fyrir þetta landsvæði.

Kvenfélagskonur innan SSK leggja mikið af mörkum til samfélagsins bæði með fjárframlögum og annarri sjálfböðinni vinnu sem ekki verður metin til fjár. Geta má þess að meginhluti þeirra fjármuna sem þær afla fer til mál-efna heima í héraði. Á árunum 2013 og 2014 veittu kvenfélögin innan SSK styrki til samfélagsins samtals að fjárhæð um **39 milljónir króna**, þar af fóru um **18,5 milljónir kr.** til heilbrigðis- og líknarmála, um **14,1 milljón kr.** til mennta-, menningar- og umhverfismála og um **6,4 milljónir kr.** til öldrunar-mála. Þessa fjár hafa kvenfélögin aflað með margvíslegri starfsemi og má nefna: basara, hlutaveltur, skemmtanir, kaffisölur, erfi-drykkjur, bókaútgáfur o.fl.

Kvenfélagskonur munu á næstunni leita með bréfi til ferðaþjónustuaðila, fyrirtækja og ýmissa stofnanna varðandi auglýsingar og umfjöllun í blaðið “Hækkum flugið”. Vonast er til að fyrrgreindir aðilar sjái hag sinn í að verða við þeirri málaleitan.

Allar frekari upplýsingar gefur Elinborg Sigurðardóttir formaður SSK, sími 865-2753 netfang: formadurssk@gmail.com

Fréttir frá Kvenfélagi Gnúpverja.

Ágætu sveitingar og aðrir velunnarar. Aðalfundur félagsins er nýafstaðinn og tókst ágætlega, 18 konur mættu á fund og telst það nokkuð góð mæting. Í félaginu eru 42 félagar þar af 10 heiðursfélagar.

Á fundinum var kosinn nýr gjaldkeri, Bryndís Baldursdóttir. Einnig var kosin ný vara-stjórn. Í henni eru þær, Helga Óskarsdóttir, Kristín Gísladóttir og Hildur Lilja Guðmundsdóttir. Við bjóðum þessar konur velkomnar til starfa og þökkum fráfarandi konum úr stjórn og varastjórn vel unnin störf.

Vorfundurinn er fyrirhugaður þriðjudaginn 5. maí og er þá hugsunin að fara í Rangárþing, sauma í refillinn ofl. skemmtilegt. Nánar auglýst síðar en félagskonur takið daginn frá.

Samantekt frá liðnu ári:

Aðalfundur var haldinn 18.mars 2014 á skólaloftinu, vorfundur 06.maí í Efstadal, farið var þangað í rútu og var hann vel sóttur, komið við í Galleríinu á Laugarvatni á leiðinni heim. Haustfundur var síðan haldinn 21. október sl. á skólaloftinu. Á árinu voru haldnir 6 stjórnarfundir fyrir utan tölvusamskipti stjórnar, sem eru þó nokkur. 7 konur gengu í félagið á árinu 2014 og eru þær boðnar velkomnar í félagið.

86. ársfundur SSK var haldinn í Gunnarshólma 26. apríl. Fulltrúi okkar á fundinum var Þuríður Jónsdóttir sem sat fundinn ásamt formanni. Á fundinum var kosinn nýr formaður SSK, Elínborg Sigurðardóttir kvfél. Biskupstungna.

Við höfum ekki verið með neina innkomu eða fjáröflun um nokkurt skeið annað en kaffisölu og páskabingó. Á árinu 2014 var ein erfidrykkja.

Á árinu starfaði okkar félag ásamt hinum uppsveitarfélögum að gerð og hönnun engils fyrir árið 2015 til sölu og styrktar sjúkrahússjóði. Sala hjá okkur hefur gengið ágætlega og eigum við enn nokkra til sölu ásamt gjafakortunum.

Á haustmánuðum var farin ferð til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar á vegum skemmti-og fræðslunefndar, sú ferð var með Færeysku þema. Sameiginlegur jólafundur með Skeiðakonum þar sem Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur og ritstjóri Húsfreyjunnar hélt fyrirlesturinn „Listin að lifa“. Barnaskemmtun er orðin með þeim hætti að við sjáum um hana til skiptis, okkar félag og Kvenfélag Skeiðahrepps. Næst á hún að vera í okkar umsjá hér í Árnesi og er það númer 3 sem á að sjá um hana. Útivistarnefnd var með göngutúra þar sem gengið var á milli kirkna í sókninni, það var mjög vel heppnað. Tómtundakvöldin voru endurvakin og er nr. 1 og 2 búin að bjóða heim. Þar taka konur gjarnan upp þrjóna og aðra handavinnu, segja einhverjar skemmtisögur eða bara spjalla saman um daginn og veginn.

Stjórn þakkar öllum félagskonum fyrir vel unnin störf á árinu 2014.

Fyrir hönd stjórnar.

Sigrún Símonardóttir

Formaður



Landsvirkjun

Opinn fundur um stækkun Búrfellsvirkjunar

19. maí 2015 kl. 20:00 í Árnesi

Landsvirkjun leggur áherslu á opin samskipti við hagsmunaaðila og í tilefni af afmælisári stendur fyrirtækið fyrir fjölda opinna funda um land allt.

Markmið opinna funda Landsvirkjunar er að stuðla að gagnsærri og faglegri umræðu um málefni sem tengjast starfsemi fyrirtækisins.

Búrfellsvirkjun er elsta virkjun Landsvirkjunar en fyrirtækið fagnar í ár 50 ára afmæli sínu. Farið verður yfir sögu fyrirtækisins á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu ásamt því að áætlanir um stækkun Búrfells verða kynntar.



Árshátíð

Föstudaginn 13. mars var árshátíð nemenda skólans haldin í Árnesi. Vikuna fyrir árshátíðina unnu nemendur og starfsmenn baki brotnu við gerð búninga, leikmynda og að skreytingum fyrir salinn, á milli þess sem þeir æfðu söng og leik. Dagskráin byggði á samtölum Jónasar Árnasonar við krakka fyrir 60 árum og höfundur og leikstjóri var Halla Guðmundsdóttir. Hljómsveitarstjóri var Magnea Gunnarsdóttir, kórstjóri var Helga Kolbeinsdóttir og var hljómsveitin í höndum kennara og nemenda í Tónlistarskóla Árnesinga.

Fjöl margar myndir hafa verið settar á heimasíðu skólans bæði frá undirbúningi, æfingum og leiksýningunum.



Fréttir frá 1. og 2. bekk

Hjálmar gefnir 1. bekk

Þann 24. mars fékk fyrsti bekkur afhenta hjálma frá Eimskipafélagi Íslands og Kiwanis. Börnin voru mjög glöð með þessa flottu hjálma, buffin sem fylgdu og „led“ ljósið sem hægt er að festa framan á hjólið. Mikilvægt er að fara að huga að reiðhjólaörygginu nú þegar fer að vora. Hægt er að fara inn á

www.samgongustofa.is, þar undir umferð og síðan öryggi er að finna upplýsingar um hvað ber að hafa í huga þegar kemur að öryggi á reiðhjólum.

Blómlegt í 1. og 2. bekk

Undanfarinn mánuð erum við búin að vera að skoða hvað plöntur þurfa til að lifa og hvernig þær eru uppbyggðar. Við erum búin að skoða tilgang rótanna og laufblaðanna, heiti allra hluta blómplöntu og hver lífsferill plöntu er. Það er gaman að skoða þetta þegar náttúran er sjálf að vakna til lífsins úti.

Leiksýning í Leikholti

1. og 2.

bekkur var svo heppinn að fá boð frá foreldrafélagi leikskólans

um að sjá brúðusýninguna *Klókur ertu Einar Áskell* sem Bernd Ogródnik var með í upphafi mars. Í sýningunni var ímyndunaraflinu gefinn laus taumurinn og sýnt að það er einungis hugur okkar sem heftir okkur en ekki landamæri eða faratæki. Börnin skemmtu sér konunglega og eru búin að vitna í sýninguna af og til síðan þá. Við þökkum kærlega fyrir þetta yndislega boð.

Bestu kveðjur, Hilja og 1. og 2. bekkur.



Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Uppsveitum og Flóa.

Miðvikudaginn 18. mars var lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar haldin á Flúðum. Alls tóku 10 keppendur úr 5 skólum af svæðinu þátt. Þarna fengum við að heyra frábæran flutning á ljóðum og sögu. Fulltrúar Þjórarskóla þau Kolbeinn Loftsson og Sigurlinn María Sigurðardóttir. Stóðu þau sig með mikilli þryði þó þau hafi ekki hreppt verðlaunasæti.



Sólmyrkvinn

Föstudagsmorguninn 20. mars var mesti sólmyrkvi sem sést hefur frá Íslandi í 61 ár. Veðrið var gott og sást myrkvinn mjög vel frá skólanum. Í tilefni myrkvans færði Stjórnuskoðunarfélag Seltjarnarness, Stjórnufraðivefurinn og Hótel Rangá öllum grunnskólanemendum og kennurum þeirra sérstök sólmyrkvagleraugu svo allir gætu fylgst með þessu sjaldgæfa sjónarspili á öruggan hátt. Skemmtileg og lærdómsrík upplifun.



Páskaleikur

Föstudaginn 27. mars var síðasti skóladagurinn fyrir páskafrí. Um morguninn horfðum við saman á upptöku frá árhátíðinni okkar og síðan fórum við í árlegan páskaleik. Nöfn allra nemenda og starfsmanna í skólanum voru falin á skólalóðinni.

Nemendur leituðu að nafninu sínu og þegar spjaldinu var skilað inn fengu allir lítið páskaegg með málshætti.

Kveðjur úr skólanum.

Kristín og Bolette.

Verkstjóri við Vinnuskólann

Skeiða- og Gnúpverjahreppur starfsrækir Vinnuskóla í sumar fyrir ungmenni fædd árin 2000– og 2001 og óskar eftir að ráða verkstjóra við hann. Um er að ræða starf frá kl. 08—14:00 mánudaga –fimmtudaga frá 8. júní til 31. júlí. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf og leggja fram sakavottorð auk þess að að vera góður í mannlegum og samskiptum og hafa áhuga og dug til þess að sinna stjórnun og útivinnu með ungmennum. Áhugavert verkefni fyrir jákvæðan einstakling. Frekari upplýsingar hjá sveitarstjóra í síma 486-6100.

Er þetta eitthvað fyrir þig?

Félagsliðanám. Því er hægt að ljúka á tvo vegu.

Annars vegar er 81 eininga nám sem hægt er að hefja strax að loknu grunnskólanámi. Borgarholtsskóli er sem stendur eini framhaldsskólinn sem býður upp á þann möguleika.

Hins vegar er námsfyrirkomulag, nefnt brú, þar sem starfsreynsla er metin sem hluti af námi og vinnustaðanámi.

Skilyrði í brú er að viðkomandi sé 22 ára eða eldri og hafi að lágmarki þriggja ára starfsreynslu. Þá þarf að hafa lokið starfstengdum námskeiðum, sem eru 220 til 230 klukkustundir, sem jafngilda 17 einingum. Þeir skólar sem bjóða upp á brúarnám eru:

Borgarholtsskóli, Mímir, Starfsmennt, Símei, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Menntaskólinn á Ísafirði og Framhaldsskólinn á Húsavík.

Einnig er til framhaldsnám félagsliða sem boðið er upp á fyrir þá sem lokið hafa félagsliðanámi og hafa að minnsta kosti tveggja ára starfsreynslu. Starfsvettvangur félagsliða er fjölbreyttur og getur verið innan öldrunarsviðs, geðsviðs, innan félagsþjónustunnar í skólum og leikskólum. Starfið felst í að efla og styðja sjálfstæða félagslega virkni, notenda á heilbrigðis-, félags og menntunarsviði. FÍF.

Málþing um Hekluskóga

16. apríl 2015 í Frægarði í Gunnarsholti



Dagskrá

- 11:00** Gestir boðnir velkomnir í Gunnarsholt. Sveinn Runólfsson.
11:10 Endurheimt vistkerfa - hvers vegna, hver og hvernig? Björn H. Barkarson.
11:25 Hvað hefur gerst og við hverju má búast eftir gjóskugos? Friðþór S. Sigurmundsson.
11:45 Uppgræðsla Landgræðslunnar á Hekluskógasvæðinu. Sveinn Runólfsson.
12:00 Súpa og brauð.
12:45 Útbreiðsla og eyðing birkiskóga í Þjórsárdal. Friðþór Sófus Sigurmundsson.
13:05 Hekluskógaverkefnið – aðferðir, framkvæmd, árangur og framtíð. Hreinn Óskarsson.
13:35 Kortlagning framkvæmda. Ívar Örn Þrastarson.
13:50 Reynslusaga landeiganda. Sveinn Sigurjónsson.
Rannsóknir á Hekluskógasvæðinu
14:05 Yfirlit yfir rannsóknir fyrir Hekluskóga. Ása L. Aradóttir og Guðmundur Halldórsson.
14:25 Birkiskógarnir breiðast út að nýju! Björn Traustason.
14:40 Kaffi
14:55 Líffræðilegur fjölbreytileiki í Hekluskögum: Hlutverk jarðvegseyðingar og framvindu. Heiða Gehringer.
15:10 Sandburður á Hekluskógasvæðinu. Elín Fjola Þórarinsdóttir.
15:25 Líffrænn áburður og belgjurtir. Magnús H. Jóhannsson.
15:40 Umræður.
16:00 Ráðstefnulok.

Málþingsstjóri verður Björn B. Jónsson

Ráðstefnan er öllum opin meðan húsrúm leyfir og fer skráning fram í tölvupósti til Eddu Linn Rise á netfangið eddalinn@land.is fyrir 15.apríl.

Skógur er það gróðursamfélag sem þolir hvað best öskufall. Hugmyndin um Hekluskóga er að endurheimta birkiskóga og víðikjarr í nágrenni Heklu sem minnka myndu vikurfok í kjölfar gjóskugosa úr eldfjallinu. Verja þar með lönd í nágrenni fjallsins fyrir jarðvegseyðingu. Mögulegur ávinningur af Hekluskögum er margvíslegur. Gróðurfar og dýralíf eykst og verður fjölbreyttara, vatnsheldni jarðvegs verður meiri, lækir myndast og kolefnisbinding verður í gróðri. Með skóginum aukast einnig landnýtingar möguleikar á svæðinu, svo sem frístundabyggð og útivist auk þess að beitarþol eykst.

Hekluskógar hafa starfað formlega frá maí 2007, en undirbúningsvinna hófst af krafti fyrir rúmum 10 árum síðan þegar samráðsnefnd um Hekluskóga hóf störf. Mikið starf hefur verið unnið á starfstíma Hekluskóga bæði hvað varðar gróðursetningu, uppgræðslu og sáningu, en einnig hafa ýmis rannsóknaverkefni verið unnin á svæðinu síðustu ár. Á málþinginu verður gero grein fyrir því starfi sem unnið hefur verið.





Landssöfnun Lions 17.-19. apríl 2015:

Rauða fjöðrin seld til að kaupa leiðsöguhunda fyrir blinda

Hver hundur kostar 8-10 milljónir króna þegar allt er talið.

Þörf er á 14-16 hundum á Íslandi en aðeins 7 verða í þjónustu á komandi sumri.

Lionsfólk verður áberandi á fjölförnum stöðum. Valkröfur verða aðgengilegar í heimabanka og innhringinúmer í símasöfnun.

Dagana 17. – 19. apríl fer landssöfnun Lions, Rauða fjöðrin, fram um allt land. Markmiðið er að safna í sjóð til að fjármagna kaup á leiðsöguhundum fyrir blinda í samvinnu við Blindrafélagið og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Hver hundur getur unnið í allt að 10 ár. Hundarnir eru sérvaldir með hliðsjón af eiginleikum þeirra og eru tilbúnir til starfa við 2 1/2 árs aldur eftir gríðarlega þjálfun. Vinnusamband manns og hunds byggir síðan ekki síst á vináttu þeirra og kærleika. Leiðsöguhundur bæta lífsgæði blindra og sjónskertra verulega og stuðla að aukinni virkni þeirra í samfélaginu. Lionsfélagar verða á ferðinni þessa helgi með rauðu fjöðrina til sölu. Þeir verða í verslunarmiðstöðvum og á fleiri fjölförnum stöðum. Auk þess verða valgreiðslur sendar í heimabanka og hringja má í söfnunarnúmer.

Verndari söfnunarinnar er hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands.

Söfnunarnúmer

Auk þess að kaupa rauðu fjöðrina má leggja verkefninu lið með því að greiða valgreiðslu í heimabanka eða millifæra upphæð að eigin vali inn á reikning

Lions: 0111-26-100230, kt. 640572-0869.

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímanúmer:

Styrkur að fjárhæð 1.000 kr. skuldfærast af símreikningi þegar hringt er í símanúmerið **904 1010**.

Styrkur að fjárhæð 3.000 kr. skuldfærast af símreikningi þegar hringt er í símanúmerið **904 1030**.

Styrkur að fjárhæð 5.000 kr. skuldfærast af símreikningi þegar hringt er í símanúmerið **904 1050**.

Félagar úr Lionsklúbbum Dynk





Fréttir frá Leikholti

Þann 5. mars sl. bauð foreldrafélag leikskólans, Leiksteinn, börnum Leikholts ásamt 1. og 2. bekk Þjórsárskóla til leiksýningar hér í Leikholti. Að þessu sinni var hann Bernd Ogrodnik, frá Brúðuheimum, fenginn til okkar með sýninguna „Klókur ertu Einar Áskell“. Við fengum að fylgjast með degi í lífi feðganna Einars Áskells og pabba hans, þar sem daglegt líf verður ævintýri líkast. Einari Áskeli finnst fátt eins skemmtilegt og þegar pabbi hans gefur sér tíma til að leika við hann. Það næst skemmtilegasta er að fá að leika sér með verkfærakassann, en það er stranglega bannað og stórhættulegt að leika sér með sögina! Leiksýningin var frábær í alla staði og voru það glaðir krakkar sem gengu út af sýningunni. Á leiðinni út fengu krakkarnir svo að klappa kisunni hans Einars Áskells.

Leikskólinn þakkar foreldrafélaginu kærlega fyrir gott boð.





Verkefnið „Skóli á grænni grein“ gengur vel og hafa börnin staðið sig mjög vel, verið áhugasöm og dugleg í þeirri vinnu. Til að kynna það sem við erum að gera útbjó Úlfahópur veggspjöld sem þeir fóru með á hreppskrifstofuna og í búðina þegar þeir fóru í skólaheimsókn.

Árshátíð leikskólans verður miðvikudaginn 22. apríl kl. 14:00 þá er gaman að sjá sem flesta ☺

Ég vil nota tækifærið og þakka börnum, samstarfsfólki, foreldrum, ráðamönnum og öllum öðrum sem koma að starfi leikskólans kærlega fyrir mig en ég mun ljúka störfum hér í apríl. Það er gott að starfa í sveitinni ykkar, kærar þakkir fyrir mig. Ég óska ykkur öllum og eftirmanni mínum velfarnaðar, gæfu og gleði. Bestu kveðjur, Sigríður Birna.



Norska Tøltrider eru gæðareitdygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt





ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

OPNUNARTÍMI

OPIÐ 10 -17 virka daga ☝ 11- 13 laugardaga.

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum: 892-2370 - Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju.

Starfsfólk Flúðaleiðar

Velferðarþjónusta Árneshvíls í Laugarási S. 480-1180 Fax: 480-1181

www.laugaras.is Félagsmálastjóri: *María Kristjánsdóttir.*

Félagsráðgjafi með aðsetur í Laugarási *Sigurjón Árnason.* 884-1180

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og pökkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

Skákæfingar og spjall á mánudagskvöldum í Þjórsárskóla!

kl. 20:30. Munið að **allir** 15 ára og eldri
eru hjartanlega velkomnir og endilega
komið við. Töfl og klukkur á staðnum!



Stjórn Umf. Gnúpverja

Heilsumorgnar í sundlaugunum í apríl og maí!

**Munið í Skeiðalaug alla miðvikudagsmorgna 15., 22. og 29. apríl
kl. 07:00- 08:00 Hressing innfalin ☺**

**Í Neslaug verður opið alla miðvikudagsmorgna í maí og byrjað
þann 6., og svo 13., 20. og 27. maí kl. 07:00—08:00**

Hressing innifalin. ☺

**Sumardagurinn fyrsti á næsta leyti og albjart orðið á morgnana!
Getur ekki betra verið. Sjáumst.**

Með sumarkveðju.
Eybór



Sumarstörf laus til umsóknar í Neslaug og Skeiðalaug!



Starfsfólk vantar til starfa sumarið 2015 við
sundlaugar sveitarfélagsins.

Um er að ræða hlutastörf um helgar
en einnig aðra daga!

Upplýsingar veitir Eybór í síma 897-1112

Á bak við eldavélina!

Ástrún Davíðsson á Húsatóftum 2a leggur til flotta rétti í Fréttabréfið nú í apríl.

Vil þakka Elinu Moqvist tengdadóttur fyrir traustið. Skil bara ekki hvernig henni datt þetta í hug.

Ég ætla að deila með ykkur einum af uppáhalds fiskréttum mínum.

Slatta af öllu eftirtöldu.

Setja í pott og steikja létt.

Lauk, gulrætur, sveppi.

Bæta út í: ananas, karrý, 3 msk ananassafi.

fiskiteningi,

rjómaosti,

rjóma,


Kryddað með salti og pipar látið malla smá stund.

Bæta þá rauðri og grænni papriku út í.

OG að lokum fiski eftir eigin vali.

Ég nota lúðu eða steinbit en má vera hvaða tegund sem er.

Gott brauð með og hrísgrjón.



Læt fylgja með uppskrift af grísku brauði.

10 dl hveiti

500 ml kalt vatn

2 msk. olía

½ msk. salt

1 pakki þurrger.

Setjið öll hráefnin í skál og blandið saman með sleif. Látið hefast í 2 klst.

Deigið á að vera blautt það er ekki hnoðað. Hellið deiginu í eldfast mót.

Gott er að setja smjörpappír í botninn á mótinu. Hellið olíu yfir og stráðið vel af Maldon salti yfir.

Bakað við 150 °C í 45 – 60 mín.



Svo er það gamaldags kókoskaka úr uppskriftabók mömmu.

Botn:

4 eggjahvítur

140 g flórsykur

140 g kókosmjöl

1 tsk. Vanilludropar

Hitið ofninn í 150°C. Þeytið eggjahvíturnar og flórsykur saman þar til blandan er vel stíf. Bætið kókosmjöli og vanilludropum út í og blandið saman með sleikju. Setjið deigið í smurt lausbotna form 22 – 24 cm. Bakið kökuna á neðstu rim í 40 – 45 mín. Látið kólna.

KREM

100 g 70% súkkulaði

100 g smjör

4 eggjarauður

60 g flórsykur

3 dl rjómi



Bræðið súkkulaði og smjör í vatnsbaði.eða í örbylgjuofni. Þeytið eggjarauður og flórsykur saman þar til blandan er létt og loftkennd. Bætið súkkulaðiblöndunni út í eggjamassann og blandið vel saman.Látið kremið stífna aðeins í ísskáp og smyrjið því síðan ofan á kökuna.Þeytið rjómann og setjið ofan á kökuna.

Þeir sem mæta á Búnaðarfélagsfundinn á Hestakránni fá **ÞESSA KÓKOSKÖKU** ummmmm.

Ég skora á vinkonu mína og listakonu hana Sigurlín Grímsdóttur, Votumýri að koma með eitthvað í næsta blað. Hún er snillingur þegar kemur að matargerð en það vita það bara flestir aðrir en hún sjálf.

Takk fyrir mig.

Dúna.

SKINN OG SKART.

Í apríl verða eyrnalokkar í öndvegi. Ýmsar gerðir af perlum og náttúrusteinum, bæði með eða án minkaskinns.

Gjafir fyrir öll tækifæri.

Einnig feringargjafir.

Hafið samband í síma 4866047

eða 8986047.

Katrín í Ásaskóla.



Fylgist með á
www.upplit.is

Upplit
Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

12. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi, miðvikudaginn 01. apríl 2015 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Witt, Halla Sigríðar Bjarnadóttir og Kristjana H. Gestsdóttir en hún sat fundinn sem varamaður Gunnars Arnar Marteinsonar er boðaði forföll. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Svo reyndist ekki vera. Oddviti óskaði eftir að tveimur málum yrði bætt á dagskrá. Erindi frá Eignarhaldsfélagi Suðurlands, umboð til setu á aðalfundi. Verði það mál nr. 21. Beiðni frá 9. Bekk Flúðaskóla um ferðastyrk. Verði það mál nr. 22. Máli til kynningar var bætt við, umfjöllun um Frumkvöðladag í Uppsveitum. Voru breytingarnar samþykktar samhljóða.

Dagskrá:

Mál til umræðu og umfjöllunar

1. Kynning á útboðsgögnum um gatnagerð og fráveitu. Tæknisvið Uppsveita. Davíð Sigurðsson tæknifræðingur hjá Tæknisviði Uppsveita kynnti verklýsingar og drög að útboðsgögnum um gatnagerð og fráveitu í Þéttbýliskjörnum í Brautarholti og við Árnes. Um er að ræða uppbyggingu flestra gatna í kjörnunum ásamt bundnu slitlagi, kantsteinum og tilheyrandi frágangi, auk fráveitu-framkvæmda í báðum kjörnum. Stefnt er að því að verkið verði unnið á tveimur árum 2015 og 2016. Gögn lögð fram og kynnt. Ákveðið að útfæra gögn ítarlegar og taka til afgreiðslu á
2. Erindi frá Valdimar og Ólafi Jóhannssonum, varðar málskostnað. Fyrir fundinum lá bréf undirritað af Valdimar og Ólafi Jóhannssonum Stóra-Núpi. Þar sem þeir óska fyrir hönd landeigenda að Stóra-Núpi og Skafttholti eftir að sveitarfélagið greiði útlagðan lögfræðikostnað áður nefndra landeigenda vegna deiliskipulags fyrirhugaðs minkabús að Ásum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fram voru lögð afrit reikninga samtals að fjárhæð um 2.990 þkr með virðisaukaskatti. Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins og leita álits lögmanns.
3. Erindi frá Búnaðarfélagi. Varðar iðnaðarhúsnæði. Lagt var fram erindi frá stjórn Búnaðarfélags Gnúpverja þar sem boðið er til kaups eitt bil 80 m² að stærð í iðnaðarhúsnæði sem fyrirhugað er að byggja í iðnaðarhverfi við Suðurbraut við Árneshverfi. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að ganga til viðræðna við stjórn Búnaðarfélagsins um kaup á húsnæðinu.
4. Beiðni frá Landsvirkjun um að hefja vinnu við deiliskipulag við Sultartanga. Lagt var fram erindi vegna málsins. Málið tekið fyrir á fundi Skipulagsnefndar nr 86. Mál nr 23. Sultartangavirkjun: Deiliskipulag – 1503054. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að skipulagssvæðið nái yfir öll mannviki virkjunarinnar að meðtalinni Sultartangastíflu.
5. Tillaga að gjaldskrám sundlauga. Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga forstöðumanns sundlauga um gjaldskrá sundlauga. Frá 1. Maí 2015. Fullorðnir greiði

600 kr. Börn stakt skipti 300 kr. 10 miða kort 3.000 kr. Frítt fyrir 70 ára og eldri. Tillaga forstöðumanns samþykkt. Auk þess samþykkt að 10 miða kort fyrir börn kosti 1.500 kr. Samþykkt að ungmenni 18 ára og yngri búsett í sveitarfélaginu fái afhent frítt árskort til aðgangs að sundlaugum sveitarfélagsins.

6. Vinnuskóli fyrir unglinga í sveitarfélaginu. Samþykkt að vinnuskóli verði rekinn fyrir unglingar á vegum sveitarfélagsins með sama sniði og verið hefur undanfarin ár.
7. Nafn sveitarfélags. Viðhorfskönnun. Sveitarstjóri kynnti niðurstöðu viðhorfskönnunar um hvort breyta eigi nafni sveitarfélagsins. Könnunin fór fram í sveitarfélaginu í mars sl. Sent var bréf til allra íbúa sem fæddir eru árið 1997 og fyrr. Um 416 einstaklinga var að ræða. Einstaklingar sem tóku þátt voru 198 eða 48 %. 111 reyndust hlyntir breytingu nafnsins eða 56,1 % af þeim þátt tóku. 77 einstaklingar vildu ekki breyta nafninu eða 39,0 %, 9 seðlar voru auðir eða ógildir. Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að leggja fram tillögu um framgang könnunar um nafnabreytingu fyrir næsta sveitarstjórnarfund.
8. Erindi frá Menningar – og æskulýðsnefnd. Lagt var fram bréf frá formanni Menningar- og æskulýðsnefndar. Í því er óskað eftir að nefndarfólki verði greitt sérstaklega fyrir viðveru og ábyrgð við Byggðahátíðina Landnámshelgi sem fyrirhugað er að halda í júní nk. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið. Sveitarstjóra falið að útfæra tilheyrandi reglur fyrir næsta sveitarstjórnarfund um greiðslur fyrir vinnuframlag til nefndarfólks.
9. Erindi frá Jóhönnu Reynisdóttur. Fyrir fundinn var lagt erindi frá Jóhönnu Reynisdóttur, þar sem óskað er eftir framlengingu á leigusamningi um húsnæði Gistiheimilisins Nónsteins til 1. október 2017. Auk þess að leigugjald verði föst tala fyrir september. Samþykkt samhljóða að framlengja samningum til 1 október 2016 og að innheimta fasta tölu fyrir september. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Fundargerðir

10. Fundargerð 86. Fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 12 þarfnast umfjöllunar. Mál nr. 12. Hraunvellir. Ólafsvellir Breyting á deiliskipulagi -1503011. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að gera breytingu á aðalskipulaginu og verði það auglýst samhliða deiliskipulagsbreytingunni. Samþykkt að kynna lýsingu vegna málsins samkv. 1. Mgr. 30 gr. skipulagslaga.
11. Fundargerð 87. Fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 21,22 og 23 þarfnast umfjöllunar. Mál nr 21. Bugðugerði 3A og 3B : Árnes : Deiliskipulagsbreyting – 1503068. Breyting á einbýlishúsalóð í parhúsaloð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir framlagða deiliskipulagsbreytingu samkv. 2. Mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir aðliggjandi lóðarhöfum. Sveitarstjórn samþykkir að fela

Skipulagsfulltrúa að annast grenndarkynningu vegna málsins samkvæmt 44. Gr. skipulagslaga. Mál nr 22. Hæll 2 166570 : Umsókn um byggingarleyfi: Geldneytahús 672,8 m² – viðbygging 1503050. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemda við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að grenndarkynna umsóknina samkv 44. Gr. skipulagslaga. Mál nr. 23. Vísast til máls nr 4 í fundargerð.

12. Fundur nr 23. Stjórnar. Skipulags – og Byggingafltr. Fundargerð lögð fram og kynnt.
13. Fundargerðir Skólanefndar frá 24 mars. Grunnskólamál fundur nr 08. Fundargerð lögð fram og kynnt. Umræður urðu nokkrar um útboðsgögn um skólaakstur og tómstundaúrræði grunnskólabarna á mánudögum. Leikskólamál fundargerð nr 09. Fundargerð lögð fram og kynnt. Meðal þess sem fram kom í fundargerðinni er tillaga skólanefndar um ráðningu Elínar Önnu Lárusdóttur í starf Leikskólastjóra. Sveitarstjóri greindi frá ráðningarferlinu. Sveitarstjórn samþykkir ráðningu Elínar Önnu.
14. Fundargerð 7. Fundar Menningar – og æskulýðsnefndar. Fundargerð lögð fram og kynnt. Í fundargerð kom fram kostnaðaráætlun fyrir Landsnámshelgi sem haldin veður í júní n.k. Kostnaðaráætlun staðfest.
15. Fundargerðir vinnufunda Atvinnumálanefndar. 2. mars og 23 mars. Lagðar fram og kynntar. Atvinnumálanefnd hefur unnið að undirbúningi íbúafundar sem haldinn verður 30 apríl nk. er fjalli um Þjórsárdal, staðhætti og tækifæri þar. Einar Bjarnason formaður Atvinnumálanefndar kynnti glærusýningu um Þjórsárdal sem nefndin vinnur að. Glærusýningin nær yfir athyglisverða staði í Þjórsárdal og helstu tækifæri þar.

Umsagnir

16. Umsögn Sambands Ísl sveitarfélaga um frumvarp til laga um almenningssamgöngur. Lögð var fram umsögn um frumvarpið frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga undirrituð af Karli Björnssyni framkvæmdastjóra. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir umsögnina.

Samningar

17. Samningur um Seyrunotkun. Þarfnast staðfestingar. Lagður fram undirritaður samningur milli sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu og Landsgræðslunnar. Samningur staðfestur.
18. Samningur við Ríkiskaup. Sveitarfélagið er aðili að Rammasamningakerfi Ríkiskaup. Sveitarfélagið samþykkir áframhaldandi aðild að Rammasamningakerfinu og felur sveitarstjóra að undirrita tilheyrandi skjöl fyrir hönd sveitarfélagsins.

Styrkjabeðnir

19. Styrkbeiðni Kirkjukór Stóra-Núps og Ólafsvallakirkna. Lögð var fram beiðni frá um styrk frá stjórn Kirkjukórs Stóra- Núps og Ólafsvallakirkna undirrituð af

Þorbjörgu Jóhannsdóttur og Sr Óskari Óskarssyni að fjárhæð 100.000 kr. vegna útgáfu kórsins á hljómdisk með lögum eftir sr Valdimar Briem. Kristjana H. Gestsdóttir vék af fundi undir þessum lið. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um 100.000 kr.

20. Virknimiðstöð. Beiðni um styrk. Lögð var fram beiðni um styrk kr 500.000 til stofnunar Virknimiðstöðvar fyrir einstaklinga með geðraskanir undirrituð af Jónu Heiðdís. Guðmundsdóttur. Sveitarstjórn hafnar beiðninni.
21. Eignarhaldsfélag Suðurland. Lögð var fram beiðni frá Eignarhaldsfélagi Suðurlands þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið veiti einum einstaklingin umboð til að fara með hlut sinn á aðalfundi félagsins 13 apríl nk. Sveitarstjórn samþykkir að Kristófer Tómasson fari með umboð sveitarfélagsins á aðalfundinum.
22. Beiðni 9 bekkjar Flúðaskóla. Lögð var fram beiðni frá 9. Bekk Flúðaskóla um styrk að fjárhæð 50-100.000 kr. í sameiginlegan ferðasjóð vegna fyrirhugaðrar Danmerkurferðar bekkisins á komandi vori. Halla Sigríður Bjarnadóttir og Einar Bjarnason viku af fundi undir þessum lið. Sveitarstjórn samþykkir í ljósi aðstæðna styrk til ferðarinnar að fjárhæð 150.000 kr.
23. Önnur mál. Kristjana Gestsdóttir fór yfir vinnu við uppfærslu heimasíðu sveitarfélagsins.

Mál til kynningar:

- A. Umsagnir um Landsskipulagsstefnu.
B. SÍS Fundargerð nr. 826.
C. Aldursdreifing Íslenskum sveitarfélögum.
D. HSK Ársskýrsla.
E. Heilbrigðisstofnun Su. Fundargerð nr 163.
F. Fundargerð Fagráðs Tónlistarskóla Árnes-sýslu.
G. Landsþing Sambands sveitarfélaga.
H. Ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga.
I. Fundarboð Forsætisráðuneyti.
J. Frumkvöðladagur í Uppsveitum.



Fundi slitið kl 17:50

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 15. apríl n.k. kl 14:00

Gleðilegt sumar!

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.
Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó. Höfum þessa góðu vöru til sölu.

Katrín og Stefán, Ásaskóla. S: 4866047- 8986047-8658776.



Þjórsárstofa - gestastofa



Starfsmaður óskast í gestamóttöku *Þjórsárstofu í sumar.*

Tungumálakunnátta og staðgóð þekking á umhverfi og náttúru mikilvæg. Vinnutími skv. samkomulagi

Veitingastofan Þjórsárstofu Árnesi

Við leitum að skeleggri "eldhúsfærri" manneskju í hlutastarf/afleysingar á veitingastofuna. Vinnutími skv. samkomulagi. Þá vantar okkur einnig dugnaðarfork til aðstoðar í eldhús og veitingasal. Um sumarstörf er að ræða frá 1. júní - 31. ágúst 2015. Frekari upplýsingar hjá Rósu í síma 664-6555 eða á netfangið rosa@arnesferdamenn.is

Ljósleiðarinn!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingingum og línubókhaldi Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps. Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi og nonniasum@gmail.com - Jón

Afréttakort, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hruna-manna eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr 500,-**
Þjórsárdalsmyndin er einnig til eftir Ara Trausta og Valdimar Leifsson. Kr. 1.500,- Til sölu á skrifstofunni í Árnesi



Menn og Málefni!



Stefanía Eypórsdóttir Hamragerði 2 og Jóhann Gylfi Guðmundsson Selfossi eignuðust dóttur þann 23. mars sem vó 3750 gr. og 50 cm. Litla stúlkan hefur verið nefnd Ísabella og er hún fyrsta barn foreldra sinna. Við óskum þeim innilega til hamingju með litlu prinsessuna og fallega nafnið hennar.



Nú fer að líða að útskriftunum og gaman væri að fá upplýsingar frá þeim sem ljúka námi þetta vorið. Það er alltaf gaman að fagna með þeim sem ná markmiðum sínum og hafa ef til vill lagt mikið á sig við það.



Tónleikar 2015

23. apríl í Selfosskirkju kl. 20.30

28. apríl í Selfosskirkju kl. 20.30

30. apríl í Fella og Hólakirkju kl. 20.00

2. maí á Flúðum kl. 20.30

Stjórnandi: Loftur Erlingsson

Píanóleikur: Jón Bjarnason



Getraunanúmer

Ungmennafélags Gnúpverja er

802

Munið eftir því ☺





Smárafréttir

APRÍL 2015



Sameiginlegt töltmót Smára, Loga og Trausta var haldið í reiðhöllinni á Flúðum 1. apríl. Ágætis þátttaka var á mótinu og vill mótanefnd þakka þeim sem komu að framkvæmd mótsins, styrktaraðilum sem og þáttakendum og áhorfendum fyrir komuna. Hér fyrir neðan má sjá efstu Smárafélaga í hverjum flokki. Úrslitin í heild sinni má finna á www.smari.is

BÖRN—Þorvaldur Logi Einarsson/Brúður frá Syðra-Skörðugili

UNGLINGAR—Helgi Valdimar/Hugnir frá Skollagróf

UNG MENNI—Hrafnhildur Magnúsdóttir/Eyvör frá Blesastöðum1A

1. FLOKKUR—Guðmann Unnsteinsson og Verðandi frá Síðu



Þriðja og síðasta vetrarmót Smára verður haldið laugardaginn

25 apríl kl. 14.00 Keppt verður í pollaflokk, barnaflokk, unglingaflokk, ungmennaflokk, II flokk og I flokk. Skráning verður í reiðhöllinni frá 13.30 Skráningargjald er 1500 kr, frítt fyrir börn og polla.

Staðan í stigasöfnuninni er æsispennandi og hvetjum við alla til að vera með eða koma og fylgjast með síðasta vetrarmótinu, hægt er að sjá úrslit frá síðasta móti ásamt stöðunni á www.smari.is

Vonumst til að sjá sem flesta, kveðja mótanefnd

Nokkrar myndir frá 2. vetrarmóti



Firmakeppni Smára 2015



Verður haldin á Flúðum 1 maí að venju
og hefst stundvíslega kl. **13.00**

Keppt verður í eftirfarandi flokkum :

Pollaflokkur (9 ára og yngri)

Barnaflokkur (10-13 ára)

Unglingaflokkur (14-17 ára)

Ungmennaflokkur (18-21 árs)

Kvennaflokkur

Karlaflokkur

Heldri manna og kvennaflokkur

Fljúgandi skeið gegnum höllina

Hvetjum alla til að mæta og gera sér glaðan dag á einum stærsta viðburði félagsins, hvort sem er ríðandi, gangandi eða akandi.

STJÓRNIN

*Reglur firmakeppni má finna inn á www.smari.is undir liðnum LÖG OG REGLUR



*Að lokinni firmakeppni mun hestamannafélagið Smári bjóða upp á kaffi í tilefni af **70 ára** afmæli félagsins sem var 1 mars síðastliðinn. Nánari dagskrá verður auglýst síðar. Endilega takið daginn frá og komið og gleðjist með okkur.*



Til hamingju með frábæran árangur á öðru móti Uppsveitadeild Æskunnar!

Við erum óendalega stolt af ykkur!

Einnig gaman að sjá hve margir lögðu leið sína til að horfa á og klappa fyrir ungu knöpum okkar. Skorur á alla að setja strax **9 MAÍ** í dagatalið þegar unga fólkið okkar keppir í Smala og Skeiði. Meðfylgjandi er staðan í stigasöfnunni sem er æsispennandi. Úrslit frá öllum greinum í barna og unglingaflokki má finna inn á facebook og www.smari.is

STIGASÖFNUN

	Þrigg	Fjórg	Fimmg	Tölt	Smali	Skeið	Samtals
Börn							
Aron Ernir Ragnarsson	Smári	10	7	10			27
Þórey Þula Helgadóttir	Smári	7	10	8			25
Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	6	9	9			24
Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	9	6	7			22
Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	5	5	6			16
Laufey Ósk Grímsdóttir	Smári	8	4	3			15
Valdís Una Guðmannsdóttir	Smári		8	4			12
Sigurlinn María Sigurðardóttir	Smári	4		5			9
Unglingar							
Sölvi Freyr Freyðisásson	Logi	10	5	10			25
Eva María Larsen	Logi	7	9	9			25
Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Logi	9	8	7			24
Karitas Ármann	Logi	8	7	4			19
Sigríður Magnea Kjartansdóttir	Logi		10	8			18
Einar Ágúst Ingvarsson	Smári	5	6	5			16
Helgi Valdimar Sigurðsson	Smári	6	4	3			13
Víktor Máni Sigurðsson	Smári	4		6			10
Hanna Winter	Smári	3		2			5
Smári		49	18	10	68		145
Logi		0	34	39	38		111

Nú er námskeiðið með Gunnu nánast að klárast en við erum strax komin með næsta námskeið í gang. Í apríl og maí mun Þorsteinn G. Þorsteinsson í Syðra-Langholti, hestafræðingur og leiðbeinandi, verða með Reiðskóla fyrir okkur.

Fyrsta námskeiðið byrjar 13. apríl og endar með útreiðtúr 1. júní. Þetta námskeið seldist upp á fáeinum dögum og við erum nú þegar að skipuleggja annað eins námskeið til að geta boðið fleirum áhugasömum krökkum upp á þátttöku.

Frábært að sjá svo mikinn áhuga hjá krökkunum!

Núna erum við að leggja síðustu hönd á undirbúning fyrir Hestheimaferðina okkar sem verður farin síðustu helgina í maí. Langbest er að taka helgina strax frá fyrir þessa skemmtilegu ferð. Við auglýsum hana betur þegar nær dregur en viljum hvetja ykkur og alla foreldra að fylgjast vel með auglýsingum á Facebooksíðu Smárakrakkar!

Kær kveðja, Æskulýðsnefnd Smára



Sáðvörulistinn 2015

Yrki	kg/ ha	kg/ sekk	Verð pr/kg án vsk.
Vallarfoxgras			
Vega	25-30	25	738
Grindstad	25-30	25	890
Tuukka	25-30	25	625
Vallarsveifgras			
Sobra	25-30	25	695
Vingull			
Túnvingull Gondolin	25-30	25	580
Hávingull Baraika	25-30	25	998
Grasfræblöndur			
Stólpablanda I Fyrir kýr*	25-30	25	741
Stólpablanda II Fyrir fé og beit**	25-30	25	753
Stólpablanda III Hávingulsblanda***	25-30	25	625
Fjölært rýgresi			
Calibra	25-30	25	495
Sumarrygresi			
Barspectra	25-30	25	420
Bartigra	25-30	25	415
Jivet	25-30	25	420
Vetrarrygresi			
Barmultra	25-30	25	382
Sumarrepja / Vetrarrepja / Fóðurnæpa			
Sumarrepja Pluto	10-18	10	1.050
Vetrarrepja Barcoli	8-10	25	479
Vetrarrepja Akela	8-10	25	415
Fóðurnæpa Samson	1,5	1	930
Grænfóðurhafnar			
Domenic	180-200	50	135
Grey	180-200	400	135
Belgjurtir - Hestabaunir - Ertur - Hvít- og Rauðsmári			
Ertur Javlo	200-225	500	160
Hestabaunir Colombo <i>NÝJUNG</i>	180-200	25	190
Hvítsmári Rivandel	5-6	10	1.250
Rauðsmári Suez	5-6	10	1.645
Bygg 6 raða			
Voitto 6 raða	180-200	700/30	129
Aukusti 6 raða	180-200	700/30	129
Filippa 2ja raða	180-200	700	134
Tamtam 2ja raða	180-200	50	119
Vorhveiti			
Vorhveiti Amaretto	180-200	500	138

NÝJUNG HESTABAUNIR



Löng hefð er fyrir ræktun á hestabaunum í heiminum en ásamt linsubaunum og kjúklingabaunum eru hestabaunir taldar mjög auðveldar í ræktun. Hestabaunir gera ekki miklar kröfur til jarðvegsgerðar.

Hestabaunir eru köfnunarefnisjurt svipuð og ertur en Landstólpi hefur verið að þróa áfram ræktun á ertum sem grænfóðri um nokkurt skeið með góðum árangri.

Norðmenn hafa verið að rækta hestabaunir með vorhveiti sem heilsæði síðastliðin ár og uppskorið sterkju- og próteinríkt fóður. Við höfum fulla trú á að þessi ræktun henti íslenskum aðstæðum.

Vallarfoxgras Tuukka - Vega

Við viljum vekja athygli á vallarfoxgras yrkinu Tuukka sem við höfum verið með á sáðvörulista hjá okkur síðan 2011. En Tuukka ásamt Vegu hefur verið okkar aðalyrki í vallarfoxgrasi í nokkur ár enda bæði komið einstaklega vel út, bæði hvað varðar vetrarþol, uppskeru og lystugleika.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi



Vetraropnun

Neslaug

S: 486-6117

Þriðjudaga

18 — 22

Laugardaga

12 — 18

Opið alla miðvikudagsmorgna, í Neslaug, í maí
kl. 07:00 –08:00. Tökum þá góða sundspretti!

Skeiðalaug

S: 486 5500

Mánudaga

18 —22

Fimmtudaga

18 —22

Opið alla miðvikudagsmorgna, í Skeiðalaug, í apríl
kl. 07:00 - 08:00 Njótum sands að morgni!

Verðskrá frá 1. maí 2015

Fullorðnir	14 - 69 ára	kr. 600,-
Börn	6 - 13 ára	kr. 300,-
Fullorðnir	10 miða kort	kr. 3.000,-
Börn	10 miða kort	kr. 1.500,-
Sundföt	leiga	kr. 500,-
Handklæði	leiga	kr. 500,-



Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Frítt fyrir 70 ára og eldri.

Frítt fyrir öryrkja gegn framvísun skírteinis.

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

Hætt er að selja ofan í laugarnar hálf tíma fyrir lokun

Það er aðeins 10 mínútna akstur á milli lauganna.

Umsjónarmaður
Eyþór Brynjólfsson

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺